

Þjálfari

- 1) Meðhöndlaðu alla iðkendur á þeirra forsendum.
- 2) Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.
- 3) Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og þroska.
- 4) Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
- 5) Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd og spornaðu við óíþróttamannslegri og niðurlægjandi hegðun.
- 6) Komdu vel fram við alla iðkendur og líttu meira til færni og framfara en árangurs.
- 7) Misnotaðu ekki stöðu þína og vald.
- 8) Sæktu reglulega endurmenntun.
- 9) Leggðu þitt af mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
- 10) Sýndu meiðslum og veikindum iðkenda tillitssemi.
- 11) Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
- 12) Taktu tillit til aldurs og þroska iðkenda og viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
- 13) Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf.
- 14) Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
- 15) Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- 16) Sinnu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti í gegnum síma og Netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
- 17) Hafðu ávallt í huga að þú ert að byggja upp fólk, bæði líkamlega og andlega.
- 18) Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.

Stuðningsmaður

- 1) Hrósaðu liði þínu á jákvæðan hátt.
- 2) Forðastu niðrandi ummæli.
- 3) Forðastu neikvæða hegðun á kappleikjum, ölvun og ólæti.
- 4) Berðu virðingu fyrir störfum dómara og starfsmanna.
- 5) Berðu virðingu fyrir andstæðingum ÍBV.



Stjórnarmaður/starfsmaður

- 1) Stattu vörð um anda og gildi félagsins.
- 2) Komdu fram við alla félagsmenn sem jafningja, óháð kyni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, litarhætti eða kynhneigð.
- 3) Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur félagsins.
- 4) Hafðu lýðræðisleg vinnubrögð í heiðri og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
- 5) Vertu til fyrirmyndar í framkomu.



Síðareglur ÍBV íþróttafélags



GILDI ÍBV
GLEÐI
BARÁTTA
SAMVINNA
HEILBRIGÐI

Almennar siðareglur

- 1) Forðastu að upp komi sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
- 2) Gættu þess að misþjóa ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþætti, litarhafti, menningu, tungumáli, trúarbrögðum, kynhneigð eða stjórnmalaskoðunum.
- 3) Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
- 4) Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
- 5) Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
- 6) Þiggðu aldrei mútur.
- 7) Taktu aldrei við umboðslaunum eða lofordum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
- 8) Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
- 9) Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.



Góðir siðir fyrir iðkendur (yngri)

- 1) Leggðu ekki í einelti.
- 2) Gerðu þitt besta og berðu virðingu fyrir öðrum.
- 3) Mættu tímalega.
- 4) Taktu þátt af því að það er gaman.
- 5) Virtu reglur íþróttarinnar og ákvarðanir dómara.
- 6) Vertu ávallt til fyrirmynd jafnt utan vallar sem innan.
- 7) Komdu ávallt fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig.
- 8) Berðu virðingu fyrir fararstjóra/þjálfara og farðu eftir fyrir mælum þeirra í keppnisferðum.
- 9) Gakktu vel um eigur annarra á ferðalögum sem og eigur félagsins.
- 10) Berðu virðingu fyrir ÍBV búningnum.

Góðir siðir fyrir iðkendur (eldri)

- 1) Leggðu ekki í einelti.
- 2) Gerðu alltaf þitt besta.
- 3) Sýndu öðrum virðingu í meðbyr sem mótbyr.
- 4) Virtu reglur íþróttarinnar.
- 5) Virtu ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna leiksins.
- 6) Hafðu heilbrigði að leiðarljósi.
- 7) Berðu virðingu fyrir hæfileikum og getu annarra óháð kyni, kynþætti, stjórnmalaskoðunum, trúarbrögðum og kynhneigð.
- 8) Vertu ávallt til fyrirmyndar jafnt utan vallar sem innan og hafðu hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
- 9) Samþykktu aldrei eða sýndu ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
- 10) Komdu ávallt fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig.
- 11) Forðastu nán persónuleg samskipti við þjálfara þína.
- 12) Forðastu neikvæð ummæli eða skammir.
- 13) Gakktu vel um eigur félagsins og berðu virðingu fyrir ÍBV búningnum.

Góðir siðir fyrir foreldra

- 1) Verið dugleg að mæta bæði á leiki og æfingar.
- 2) Hrósið öllum leikmönnum meðan á leik stendur.
- 3) Hvetjið börnin bæði þegar vel gengur og þegar á móti blæs.
- 4) Berið virðingu fyrir störfum þjálfarans.
- 5) Lítið á dómarrann sem leiðbeinanda barnanna, ekki gagnrýna ákvarðanir hans.
- 6) Hafið áhrif og hvetjið börnin til þátttöku, ekki þvinga þau.
- 7) Gerið hóflegar kröfur til barnanna um árangur.
- 8) Sýnið starfi félagsins virðingu, verið virk á foreldrafundum og þar sem umræður fara fram um þjálfun og markmið.
- 9) Takið virkan þátt í foreldrasamstarfi því margar hendur vinna létt verk.
- 10) Verið félagi og barni ykkar til sóma. Þið eruð fyrirmyndir barnanna.
- 11) Látið vita tímalega ef barn ykkar kemst ekki með í keppnisferð.
- 12) Virðið rétt hvers barns, óháð kyni, kynstofni eða trúarbrögðum, hvert barn er einstakt og þarfnast virðingar þinnar.
- 13) Lærið að meta sjálfboðaliða félagsins, því án þeirra hefur barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.
- 14) Sömu reglur gilda fyrir alla á ferðalögum félagsins.

